



Iðnaðarráðuneytið  
Arnarhvoli  
150 Reykjavík

Akureyri, 2. nóvember 2011

### **Umsögn um tillögu til þingsályktunar um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða.**

Vísað er til erindis ráðuneytisins dags. 19. ágúst sl., þar sem vakin er athygli á opnu umsagnarferli um framangreinda tillögu.

#### **Um virkjunarkost Fallorku ehf. í Skjálfandafljóti**

Fallorka ehf. hefur unnið að undirbúningi að 8 MW rennslisvirkjun í Skjálfandafljóti á grundvelli sameiginlegrar viljayfirlýsingar með eigendum allra fjögurra hlutaðeigandi jarða sem eru Kálfborgará, Einbúi, Hlíðarendi og Eyjardalsá. Þessi virkjunarkostur var með á lista rammaáætlunar undir nafninu „Eyjardalsárvirkjun“, sem er reyndar nokkuð villandi, enda er hér til skoðunar að virkja Skjálfandafljót en ekki hliðarána Eyjardalsá.

Áætlað fyrirkomulag virkjunarinnar er þannig að virkjað verður 24 metra fall á um 2 km löngum kafla. Stífla yrði steinsteypt, um 200 metra löng. Hlutverk stíflu yrði fyrst og fremst að beina vatni í inntaksskurð og yrði vatnsmiðlun hverfandi. Virkjað rennsli er 45 m<sup>3</sup>/sek sem er nálægt lágrennsli Skjálfandafljóts að meðtöldu rennsli Suðurár og Svartár. Vatni yrði veitt um 900 m langan aðrennslisskurð að stöðvarhúsi á vesturbakka Skjálfandafljóts og þaðan með um 1.100 m löngum frárennslisskurði út í fljótið aftur. Árleg orkuframleiðsla er áætluð um 60 GWst.

Ekki hefur verið gerð nákvæm kostnaðaráætlun fyrir þessa virkjun og var því í vinnu verkefnisstjórnar varðandi rammaáætlun beitt þumalfingursreglu um stofnkostnað 400 mkr fyrir hvert MW í uppsettu afli sem sagt 3.200 mkr. Því þarf að taka með fyrirvara niðurstöðu faghóps IV um röðun virkjunarinnar í 5. flokk á grundvelli hagkvæmni.

Faghópur III raðaði virkjuninni í 83. sæti „með tilliti til möguleika til breytinga í samfélaginu“ og þarf það ekki að koma á óvart í ljósi smæðar hennar.

Faghópur II sem raðaði virkjunarkostum „frá sjónarhóli hlunninda, ferðamennsku og útivistar“ sleppti „Eyjardalsárvirkjun“ í Skjálfandafljóti og einnig fleiri virkjunarkostum. Ekki kemur fram skýring á því í niðurstöðum faghópsins. Ekki hefur verið gerð athugun á mögulegum áhrifum virkjunarinnar á fiskgengd en að öðru leyti er ekki að sjá að neitt hafi verið til fyrirstöðu að faghópur II fjallaði um hana.

Faghópur I raðaði virkjunarhugmyndum „m.t.t. áhrifa á náttúru- og menningarminjar“ en sleppti „Eyjardalsárvirkjun“ í Skjálfandafljóti og einnig fleiri virkjunarkostum. Ekki kemur fram skýring á því

í niðurstöðum faghópsins. Fyrirkomulag virkjunarinnar liggur fyrir og er ekki að sjá að neitt hafi verið til fyrirstöðu að faghópur I fjallaði um hana.

Í tillögu til þingsályktunar er gert ráð fyrir að „Eyjardalsárvirkjun“ verði sett í biðflokk með eftirfarandi rökstuðningi: „Virkjunarkostur sem ekki var metinn af öllum faghópum (sjá töflu 7.1 í fylgiskjali 1). Vantar frekari upplýsingar“. Í ljósi þess að tveir faghópar mátu ekki virkjunina er skiljanlegt að iðnaðarráðherra leggi til að hún verði sett í biðflokk.

Í lögum um verndar- og orkunýtingaráætlun nr. 48/2011 segir: ”Verndar- og orkunýtingaráætlun tekur til landsvæða og virkjunarkosta sem verkefnisstjórn skv. 8. gr. hefur fjallað um og hafa uppsett rafafll 10 MW eða meira eða uppsett varmaafll 50 MW eða meira.” Nú er fyrirhuguð virkjun í Skjálfandafljóti á móts við Eyjardalsá aðeins áætluð með uppsett rafafll 8 MW og ná ofangreind lög því ekki til hennar.

Er því farið fram á að hún verði tekin út úr tillögu til þingsályktunar um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða.

### **Almennt um rammaáætlun**

Fallorka ehf. telur það mjög gagnlegt að freista þess að raða virkjunarkostum á grundvelli hlutlægs mats á nýtingargildi og verndargildi, eins og lagt var upp með í vinnu verkefnisstjórnar. Með því mætti skapa sæmilega sátt um þær virkjanir sem best kæmu út úr mati og einnig um friðun þeirra svæða sem verst kæmu út m.t.t. virkjunar. Þannig mætti forðast að deilur og umræða færu út um víðan völl um hvern einasta virkjunarkost og að til dæmis skammtímasjónarmið um atvinnuáttak ofl. annars vegar og samhengislausar og lítt rökstuddar kröfur um friðun hins vegar, einokuðu umræðuna.

Með samræmdu og faglegu mati má þannig varða veginn í nýtingu og verndun til næstu áratuga. Það grefur hins vegar mjög undan þessum faglega trúverðugleika ef stjórnámálmenn ætla að víkja frá einkunnagjöf og röðun sem byggir á hlutlægum aðferðum. Er þá hætt við að allt verkefnið falli um sjálf sig og enginn friður eða framtíðarsýn verði til. Fallorka ehf. vill af þessum ástæðum vara eindregið við því að vikið sé frá röðun verkefnisstjórnar varðandi einstaka virkjunarkosti, eins og gert er í tillögu til þingsályktunar.

Að öðru leyti vísar Fallorka ehf. til umsagnar Samorku um þingsályktunartillöguna.

Virðingarfyllst,

Fyrir hönd Fallorku ehf.



Andri Teitsson, framkvæmdastjóri